



GREINARGERÐ OG UMHVÉRFISSKÝRSLA

Forsendur

Um er að ræða 3.75 ha skipulagssvæði sem skiptist niður í urðunarsvæði, námusvæði og geymslusvæði. Urðunarsvæðið við Bakkafjörð hefur verið í notkun í um 20 ár en starfsleyfi þess rann út í september 2012. Vilji er hjá sveitarstjórn Langanesbyggðar, sem jafnframt er rekstraraðili svæðisins, að halda áfram starfsemi á svæðinu á meðan ekki eru aðrar lausnir í sjónmáli varðandi sorpurðun í sveitarfélaginu. Samhliða rekstri svæðisins verður unnið markvisst að framtíðarlausnum varðandi nýjan urðunarstað. Miðað við núverandi íbúafjölda Langanesbyggðar þykir í dag ekki réttlætanlegt að leggja út í kostnað við nýtt urðunarsvæði og því er helsti kosturinn sá að taka upp viðræður við nágrennasveitarfélög um samstarf í urðunarmálum. Þrátt fyrir að Langanesbyggð sæki um hefðubundið starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn til 16 ára, þá er það skýr stefna sveitarfélagsins að urðunarsvæðinu við Bakkafjörð verði lokað um leið og aðrar leiðir verði færar.

Markmið

Skipulaginu er m.a. ætlað að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af framkvæmdum á svæðinu. Það verður gert m.a. með því að huga vel að sýnatöku vegna sigvatns. Þá verður lögð áhersla á að hafa ásynd svæðisins sem snyrtilegasta t.d. með góðu viðhaldi girðinga og gróðursetningu trjá- og runnagróðurs við framkvæmdarsvæðið.

Afmörkun

Skipulagssvæðið er staðsett í um 550 m fjarlægð norðaustan þéttbýlisins á Bakkafirði. Svæðið er afmarkað með metershárrí virmetsgirðingu og læstu hlíði þegar starfsemi er ekki á staðnum.

Staðhættir

Um er að ræða frekar rýrt og mjög raskað mólendi og jökluvöðning sem hallar lítilega til austurs.

Fornminjar

Engar fornminjar eru skráðar á svæðinu en úttekt fór fram á vega Minjastofnunar Íslands þann 8. apríl 2013. Niðurstaða þeirrar skoðunar var sú að þar sem ekki er búið að raska yfirborði nú þegar sé jarðvegur grunnur og gróðurfrítill og ekki talin ástæða til að fomalíefaskráning fari fram.

Spilliefni

Engin spilliefni hafa verið urðuð á urðunarsvæðinu svo vitað sé og alls ekki frá árinu 2002 þegar urðunarsvæðið fékk starfsleyfi.

Malanáma

Malanáma innan svæðisins hefur verið í notkun í um 20 ár. Áætlað er að hægt sé að nýta alls um 14 þúsund rúmmetra frá námunni en núverandi notkun eru einungis um 50 rúmmetar á ári og náman aðallega nýtt til viðhalds og vinnu í kringum núverandi mannvirki. Lítil notkun námunar gefur ekki tilefni til að meta hugsanleg umhverfisáhrif sem framkvæmdir við hana leiða af sér.

Geymslusvæði

Geymslusvæði er innan skipulagssvæðisins og er það afmarkað með tveggja metra virmetsgirðingu þar sem íbúar sveitarfélagsins geta leigt pláss til að geyma stærri hluti, s.s. gáma eða ökutæki.

Mannvirki og aðkoma

Einu mannvirkin á framkvæmdasvæðinu eru girðingar umhverfis skipulags- og geymslusvæðið sem staðsett er innan þess. Aðkoma að urðunarsvæðinu er frá Kötutangarvegi í norðri.

Urðunarsvæðið

Heimilt verður að urða allt að 200 tonn árlega af almennum úrgangi Óheimilt er að taka á móti spilliefnum til förgunar. Heimilt er að jarðgera eða endurvinnna með sambærilegum hætti garðaúrgang og annan lífrænan úrgang á svæðinu. Með hámarksnotkun urðunarsvæðisins, skv. starfsleyfi, mun svæðið duga a.m.k. til ársins 2029 en áætlað heildarmagn urðaðs úrgangs er allt að 3200 tonn á því tímabili.

Geymslusvæði

Viðkomandi leigutaki fær lykla af svæðinu og skuldbindur sig til ganga snyrtilega um, geyma ekki mengandi efni sem hætta er á að berist út í umhverfið, og ganga þannig frá hlutum sínum að ekki stafi slyshætta eða fohættu af.

Ásynd urðunarsvæðisins

Innan skipulagssvæðisins verði ræktuð skjölbelti sem mótvægisáðgerð við ásynd á rekstrartíma svæðisins. Skjölbeltin munu auka skjólmyndun og vama hugsanlegu foki frá svæðinu. Rekstraraðili sér til þess að meindýr hafist ekki að eða ná blöfestu á urðunarsvæðinu. Komíð verði í veg fyrir fok á urðunarsvæðinu og notast við sérstakar girðingar í því skyni, ef þörf krefur.

Aðkoma og bílastæði

Núverandi aðkoma að svæðinu frá Kötutangarvegi í norðri helst óbreytt. Þá verði svæðið áfram afgjrt og læst fyrir öviðkomandi aðilum. Ekki verði skipulögð bílastæði á urðnarstaðnum en við syðri enda svæðisins er bílaplan þar sem hægt er að geyma vinnuvélar og ökutæki sem tengjast starfsemiinni.

Brunnar til grunnvatnssýnistöku

Á tveimur stöðum á skipulagssvæðinu verði brunnar til grunnvatnssýnistöku, við að- og frárennsli urðunarsvæðisins.

Svæðaafmörkun

Eftirfarandi upplýsingar skýra mismunandi stærð svæða innan deiliskipulagsins.

Urðunarsvæði	1,18 ha
Námusvæði	0,83 ha
Geymslusvæði	0,04 ha
Frágengið urðunarsvæði	0,18 ha
Skjölbelti	1,1 ha

Landmótun, frágangur og ásynd

Úrgangur sem urða skal á svæðinu verði jafnðóðum þakinn með mól þannig að ásynd svæðisins verði ávallt eins snyrtileg og hægt er. Endanlegur frágangur urðunar- og námusvæðis mun verða felldur að landslaginu umhverfis skipulagssvæðið og ekki lakari ásyndar en áður en framkvæmdir hófust. Ekki er gert ráð fyrir að urðun nái upp fyrir núverandi yfirborð lands og breytist svipmót þess því ekki að rekstri loknum. Eftir að framkvæmdum lýkur á svæðinu verði það nýtt til útivistar og skógræktar.

Framkvæmdin fellur undir 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, þar sem taldar eru upp þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki hvort háðar skulu mati á umhverfisáhrifum. Urðunarsvæðið hefur haft starfsleyfi frá árinu 2002 og er því um að ræða viðbætur við framkvæmd sem fellur undir tl. 11.b..

Umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif sem fyrirbyggjandi deiliskipulag er helst talið geta haft í för með sér, er á eftirtalda umhverfisþætti:

- Grunnvatn, vatnsgæði
- Gróður og dýralíf
- Heilsa og öryggi
- Byggð og efnisleg verðmæti
- Landslag

Viðmið

Þau umhverfisviðmið sem notuð voru sem mælikvarði eða visir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem skipulagsstillingan hefur í för með sér eru:

- Aðalskipulag Langanesbyggðar m.t.t. stefnu sveitarfélagsins í umhverfismálum
- Skipulagslög nr. 123/2010
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/200
- Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000
- Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003
- Reglugerð um urðun úrgangs nr. 738/2003
- Lög um náttúruvernd nr. 44/1999
- Reglugerð um loftgæði nr. 787/2003
- Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796 / 1999

Við greiningu á mögulegum umhverfisáhrifum er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar:

Jákvæð áhrif á umhverfisþátt, deiliskipulag styður viðmið umhverfisþáttar

Óveruleg áhrif á umhverfisþátt, deiliskipulag hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt

Neikvæð áhrif á umhverfisþátt, deiliskipulag vinnur gegn viðiðum viðkomandi umhverfisþáttar.

Eftirfarandi umhverfisþættir voru metnir m.t.t. umhverfisáhrifa og niðurstaða þess mats er eftirfarandi:

Grunnvatn, vatnsgæði

Est á svæðinu er klöpp á um 5 metra dýpi, en djpra er á hana norðar á svæðinu. Laus jarðlög samanstanda aðallega af malarefni en neðan við þau er víða komið niður á leirblandaðra efni. Klappir eru niður við sjávarbakkann. Svæðinu hallar á móti hafi, ásdrög liggja norðan þess og sunnan og mögulegt afrennsli mun því ekki fara nálægt mannabústöðum eða öðrum íverusvæðum. Með markvissri sorpflokkun og endurvinnslu verður dregið úr hættu á mengun sigvatns og reglubundnar mælingar verða á mengandi efnum í sigvatni samkvæmt vöktunaráætlun. Ef losun mengunarvaldandi efna í sigvatni fara yfir viðmiðunarmörk verður fyrirkomulag urðunar yfirfarið m.t.t. hráefna sem urðuð eru á svæðinu og hreinsibúnaði komið upp ef þess gerist þörf.

Gróður og dýralíf

Framkvæmdarsvæðið er frekar rýrt mólendi og gróðurfar einkennist af lágvöxnum móa- og melagróðri. Töluvert er af opnum börðum og lítt grónum svæðum. Jarðvegur er nokkuð laus í sér og malarblandaður og nokkuð gegndræður. Áhrif á gróður og fulga eru talin verða óveruleg þar sem stærsti hluti framkvæmdarsvæðisins er raskaður eða lítt gróinn. Meindýr hafa ekki verið til vandræða. Áhrifin verða tímabundin meðan á rekstri svæðisins stendur en eftir að rekstri lýkur verður svæðið hluti opinis skógarsvæðis..

Heilsa og öryggi

Ekki er talið að lykt berist frá urðunarstaðnum með þeim hætti að hún valdi neikvæðum áhrifum. Slíkt hefur a.m.k. ekki verið áberandi s.l. áratugi en gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri á svæðinu. Lítil hætta er á foki þar sem mokað er yfir urðaðan úrgang jafnðóðum. Eins kemur gróðurbelti umhverfis svæðið til með að draga úr hugsanlegri fohættu. Ekki hefur boríð á meindýrum á svæðinu og áframhaldandi framkvæmdir innan svæðisins gefa ekki tilefni til að slíkt muni breytast.

Byggð og efnisleg verðmæti.

Talið er að áframhaldandi fankvæmdir innan skipulagssvæðisins muni styrkja byggð á Bakkafirði með þeim hætti að bjóða áfram upp á hagkvæma leið fyrir fyrirtæki til að losa sig við úrgang. Þá mun fyrirtækjum og einstaklingum einnig standa áfram til boða að nálgast malarefni til nýrra framkvæmda eða til viðhalds. Urðunarsvæðið er í um 550 m fjarlægð frá núverandi þéttbýlissvæði. Með rekstri geymslusvæðis gefst kostur á því að geyma bíla, gáma og ýmislegt annað sem að öðrum kosti yrði til sjónmengunar innan þéttbýlisins. Helstu neikvæðu áhrifin gætu verið þau að ekki er að fullu hægt að byggja íbúðarhúsnæði á því svæði sem aðalskipulag gerir ráð fyrir, fyrr en framkvæmdir við urðun leggjast af. Ekki er líklegt að slíkt muni hefta uppbyggingu þéttbýlisins og eru áhrifin af framkvæmdasvæðinu því talin hafa óveruleg eða jákvæð á byggð og efnisleg verðmæti.

Landslag

Urðun og malamám hefur farið fram á þessum stað um langan tíma. Vegna staðsetningar sinnar er svæðið lítt sýnilegt frá þéttbýlinu Bakkafirði. Skjölbelti við útjaðar svæðisins mun með tímanum koma í veg fyrir neikvæða ásynd af malarhaugum, urðunarholum eða vinnutækjum á svæðinu. Yfirborð er mjög raskaði innan deiliskipulagsmarkanna og áhrif því óveruleg.

Tengsl við aðrar áætlanir

Aðalskipulag

Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027. Í aðalskipulaginu er sett fram stefna um að draga úr umfangi sorps sem fer til urðunar, lágmarka allan úrgang og stuðla að öflugri samstarfi sveitarfélaganna á Austurlandi varðandi söfnun og meðhöndlun úrgangs. Leiðir eru settar fram til að nálgast þessi stefnumið, en þær eru m.a.: að auka flokkun, endumýtingu, endurvinnslu, draga markvissr úr myndun úrgangs og bæta frágang.


Svæðisáætlun

Í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð eru settar fram ýmsar tillögur sem miða að því að bæta söfnun og förgun úrgangs s.s. vigtun og skráningu úrgangs, fræðslu til íbúa, lágmörkun á myndun úrgangs, aukin endurmotkun, aukin endumýting, söfnun brotamálma, timburs og á úrvinnslugjaldskýldum úrgangsflokkum. Margar þessar tillögur hafa nú þegar komið til framkvæmda og hafa þær minnkað álagið á urðunarsvæðið á Bakkafirði og frá árinu 2010 hefur sorp frá heimilum og fyrirtækjum verið flokkað í samstarfi við Hringrás og Isenska gámafélagið.

Ekki eru í gildi önnur deiliskipulög á Bakkafirði eða í nágrenni. Samkvæmt þessari upplatingu telst fyrirhuguð framkvæmd í samræmi við aðrar skipulagsáætlanir sem gilda í sveitarfélaginu.

Umfjöllun um valkosti

Samanburð valkosta fjallar um núllkost þ.e. hvernig staðið yrði að sorpförgun ef til þess kæmi að sorp yrði flutt úr sveitarfélaginu, en í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir urðunarsvæði á þessum stað.



Aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027, staðsetning deiliskipulagssvæðis á þéttbýlisupprætti Bakkafjarðar.

Skýringar:

	SKIPULAGSSVÆÐIÐ		FRÁGENGIÐ URÐUNARSVÆÐI
	LÓÐARMÖRK / GIRÐING		NÁMUSVÆÐI
	SKJÖLBELTI		RAFVEITA, LOFTLÍNA
	URÐUNARSVÆÐI		STIGAKERFI
	GEIMSLUSVÆÐI		BÍLAPLAN
			Sýnatökustaður

Umhverfisáhrif

Samráð og kynning

Samráð var haft við Skipulagsstofnun um umfang og áherstur umhverfismats deiliskipulagsins, eins og lög um umhverfismat áætla gera ráð fyrir. Unnin var skipulags- og matsýsing vegna deiliskipulagsins og auglýst eftir ábendingum íbúa og í kjölfarið var haldin íbúafundur á Bakkafirði. Samráð verður haft við eftirfarandi umsagnaraðila á auglýsingartíma deiliskipulagsins; Skipulagsstofnun - lögbundin umsagnaraðili við umhverfismat áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana 105/2006, við Umhverfisstofnun - vegna mögulegra umhverfisáhrifa á loftgæði og hljóðvist og sem lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana og við Heilbrigðisefirlit Norðurlands eystra vegna mögulegra umhverfisáhrifa sem skipulagið felur í sér. Tillaga að deiliskipulagi og umhverfisskýrslu verður kynnt umsagnaraðilum, almenningsi og auglýst með lögformlegum hætti í sex vikur.

Niðurstaða mats

Deiliskipulag þetta felur í sér áætlun um áframhaldandi rekstur urðunarsvæðis við Bakkafjörð. Fyrirhuguð framkvæmd mun hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér á rekstrartíma á umhverfisþættina: grunnvatn, vatnsgæði, heilsa og öryggi, gróður og dýralíf. Þá mun framkvæmdin hafa óveruleg eða jákvæð áhrif á byggð og efnisleg verðmæti. Um tilliðulega lítið magns úrgangs er að ræða sem urðuð verður á svæði sem hefur verið nýtt sl. 20 til urðunar. Niðurstaða þessa mats er að magn mengandi efna í sigvatni sé sá þáttur sem þurfi að vakta.

Vöktunaráætlun

Fullnægjandi aðstaða verði fyrir hendi á svæðinu til sýnatöku og mælinga á vatnafari. Unnt verði að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast.

Eftirfarandi efni í sigvatni úr mæliholum verða vöktuð: Súrefnisþörf (COD), ammóníum (NH4+), leiðni, heildar nitur (heildar -N), heildar fosfór (heildar - P), bly (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), (AOX), króm (Cr), sink (Zn) o.fl. eftir atvikum. Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með vöktun svæðisins en vöktun fer fram árlega, fyrir 1. október.

Með vöktunaráætluninni á að halda mengunarvaldandi efnum í sigvatni í lágmarki og undir viðmiðunarmörkum. Ef losun mengunarvaldandi efna í sigvatni fer yfir viðmiðunarmörk verður brugðist við með því að yfirfara fyrirkomulag urðunar, m.t.t. hráefna sem urðuð eru á svæðinu og eflingu hreinsibúnaðar ef þess gerist þörf.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 frá _____ til _____ var samþykkt í sveitarstjórn Langanesbyggðar þann _____ 2013.

Sveitarstjóri Langanesbyggðar

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2013.

Með fyrirvara um staðfestingu og gildistöku Aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027.

URÐUNARSVÆÐI VIÐ BAKKAFJÖRÐ LANGANESBYGGÐ	
Deiliskipulag - tillaga	
Kvarði í A3- 1:2.000	Hannað: HJ, ABÓ
Dags. 7. maí 2013	Teknað: ABÓ
Deiliskipulagsuppdráttur, greinargerð og umhverfisskýrsla	
Skipagötu 12, 600 Akureyri / sími: 461-2800 / info@teikn.is / www.teikn.is	